


Haust-sýning FÍM

AB — Glæsileg og afar fjölbreytileg sýning FÍM stendur nú yfir að Kjarvalsstöðum. Sýnd eru 140 verk eftir 40 höfundum.

Fimm listamenn, sem sýna þarna sem gestir sýningarinnar, mynda þó nokkurs konar kjarna hennar. Það eru þau Asgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall.

Verk þessara listamanna eru afar ólík að sniðum. Asgerður sem sýnir þarna listvefnaði á afar falleg verk á sýningunni. Eitt þeirra er stórt veggteppi sem hún óf fyrir þessa sýningu og nefnir það „Sjö lífsfleti“, en verk þetta sagðist Asgerður hafa gert til heiðurs minningu sjö listakvenna sem allar voru annaðhvort félagar með henni í FÍM, eða



Hér má sjá eitt spegilverka Leifs Breiðfjörð, fremst á myndinni, og á veggnum fyrir aftan sjást verk Asgerðar Búadóttur, það stærsta er „Sjö lífsfleti“.



Þetta eru þau sem nefnd eru kjarni sýningarinnar. Þau standa hjá einum koparskúlpúr Guðmundar Benediktssonar. Þau eru frá vinstri: Leifur Breiðfjörð, Þórður Hall, Asgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson og Valtýr Pétursson.

samtímis henni í listnámi.

Guðmundur Benediktsson sýnir þarna skúlpúr úr kopar og eir. „Ég hef undanfarið unnið mikið úr kopar. Verk mín hér, sem eru öll að einu undanskildu frá þessu ári, eru abstrakt, en þó gætir alltaf vissra áhrifa frá náttúrunni,“ sagði Guðmundur.

Leifur Breiðfjörð sýnir spegilverk og steindar glermyndir, „Í verkum mínum reyni ég að spegla umhverfið eða láta þau tengjast umhverfinu. Ég leita að nýjum möguleikum með steind gler. Það eru svo miklu fleiri möguleikar fyrir hendi en fólk vill vera láta. Glermyndir og reyndar einnig spegilmyndir geta verið fristandandi, hangið í lofti, verið sem nokkrus konar milliveggir o.s.frv.“ sagði Leifur.

Valtýr Pétursson sýnir átta málverk á sýningunni. Valtýr sagði „Ég hef vinnuáðstöðu í Vesturbænum og bý þar einnig, því er Vesturbærinn mér afar hjartfólginn og þangað sækir ég

mikið af upphafshugmyndum mínum að mótfum, en þar breytast svo og þróast þegar ég fer að vinna verkin. Höfnin er mér líka hugleikin og þangað sækir ég marga hugmyndina.“

Ein mynd Valtýs nefnist „Farið á miðin“, en hún var á sýningu í París og vakti þar mikla athygli og hrifningu. Valtýr lýsir mynd þessari svo: „Hún fellur vel inn í modernismann í dag. Þetta er svona nokkurs konar natur-expressionismi.“

Myndlistarverk Þórðar Hall eru sáldþrykkmyndir og teikningar. Þórður sagði um eigin verk, „Ég vinn yfirleitt úr náttúrumótífum. Ég reyni að túlka samskipti mannsins við náttúruna.“

Af þessum pistli ætti að vera ljóst að hér er um geysimargþætta og fjölbreytilega sýningu og ættu því allir myndlistarunnendur að geta fundið eitthvað þar sem gleður auga þeirra.



David T. Haislip afhenti Sigurði Þorkelssyni, forstjóra tæknideildar Pósts og síma viðurkenningu frá bandarísku strandgæslunni. Frú Elsa Þorkelsson aðstoðar mann sinn við að festa heiðursmerkið í barm hans.

Íslendingum afhentar viðurkenningar — í bandaríska sendiráðinu

BSt — Við athöfn á skrifstofu sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi voru íslenskum aðilum afhentar þrennar viðurkenningar tvennar frá AMVER og eina frá bandarísku strandgæslunni.

AMVER viðurkenningarnar voru veittar fulltrúum tveggja íslenskra farskipa, Bakkafoðs og Skaftafells, og fulltrúum útgerðarféлага þeirra, fyrir þátttöku í AMVER kerfinu.

Viðstaddir fyrir hönd skipafélaganna voru: Guðni Langer, skipstjóri á Skaftafelli, og Óskar

Einarsson, yfirmaður starfsmannadeildar skipadeildar Sambandsins, og Þór Elisson, skipstjóri á Bakkafoði, og Jón M. Magnússon, yfirmaður áhafnadeildar Eimskipafélags Íslands.

AMVER viðurkenningarnar voru afhentar af MR. Anthony S. Kochanek, Jr., sem nú gegnir störfum sendiherra í fjarveru hans.

Þriðja viðurkenningin var afhending U.S. Coast Guard Distinguished Public Service Award.

Framhald á bls 19



Frá félagsstarfi eldri borgara að Lönguhlíð 3.

Fjölbreytt félagsstarf eldri borgara í Rvk

BSt — Í vetur verður á fjórum stöðum í Reykjavík félagsstarfsemi eldri borgara, þ.e. að Norðurbrún 1, Furugerði 1, Lönguhlíð 3 og til áramóta að Hallveigarstöðum við Túngötu.

A þessum stöðum er veitt til sögn í alls konar handavinnu, svo sem úþrjóni, rya, smyrna, hnytingu, vefnaði o.fl. Einnig í smíða-

föndri og útskurði í bein og tré, leirmunagerð, smeltvinnu, leðurvinnu, enskukennslu o.s.frv. og einnig léttir leikfimi. Spiluð er oft félagsvist, — dagblöð, vikublöð spil og töfl eru einnig gestum til afnota. Bókautlán á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur er vikulega á þessum stöðum, og dansabir eru gömlu dansarnir

einu sinni í mánuði.

Hársnyrting og fóttaðgerðapjónusta er þáttur félagsstarfsins, einnig verða væntanlega hópförðir í leikhús, en skemmtiatriði verða auglýst hverju sinni með fyrirvara.

Selt er föndurefni, þeim er þess óska og strætisvagnafarkort Framhald á bls 19